

**7** lenskra og danskra ríkisborgara, sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga  
16. maí að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum í báðum ríkjum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Sorgenfrihöll, 16. maí 1925.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

*Jón Þorláksson.*

**8**  
27. maí

## L Ö G

um

framleuing á gildi laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, og breyting á þeim lögum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir orðunum „20% af innkaupsverði þeirra vara“ í 1. málsg. 1. greinar laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, kemur: nema þær vörur, sem hjer eru taldar:

A. Með 30% stimplast eftirtaldar vörur: Andlitssmyrsl. Blóm, tilbúin. Dúnn. Eirvörur. Fiður. Fiskmeti, nýtt, saltað, hert, reykt eða niðursoðið. Floshattar. Flugeldar og flugeldaefni. Gimsteinar og hverskonar skrautgripir. Glysvarningur og leikföng allskonar. Gullsmíðis- og silfursmíðisvörur. Hársmyrsl. Hnetur. Ilmvötn og hárvötn, sem ekki falla undir lög nr. 41, 27. júní 1921. Jólátrjesskraut. Kaffibrauð allskonar, annað en kex. Kniplingar. Lakkrís. Lakkskór. Loðskinn og fatnaður úr þeim. Makrónudeig. Marsípan. Myndabækur. Myndarammar. Nikkelvörur. Nýsilfur-

vörur. Plettvörur. Silki og silkivarningur. Silkihattar. Silkiskór og floskór. Skrautfjaðrir. Sóhlífur. Spil. Tinvörur. Veggmyndir.

8  
27. maí

B. Með 10% stimplast eftirtaldar vörur: Ávextir, nýir og niðursoðnir. Brennisteinssýrur. Bæs. Efni og áhöld til logsuðu og logskurðar. Efni til gasframleiðslu. Ný egg. Eldavjela- og ofnahlutar. Gibslistar. Gleraugu. Gluggar. Grænmeti, niðursoðið. Hagldabrauð og tvíbökur. Hellulitur. Heygrímur. Heymælar. Hjólhafir. Hljóðfari, nema grammófónar og grammófónplötur og hljóðfari þau, sem talin eru í 2. gr. Hunang. Húsgögn. Hurðarhúnar. Hurðir. Húsgagnafjaðrir og keðjubotnar í rúm. Húsnúmer. Hvalur. Kaffikvarnir. Kaffikönnur. Kítti. Kjötkvarnir. Kristallakk. Leðurlíking. Lofthanar. Nálar. Olíuhanar. Olíulampar. Pakkalitur. Þrjónar. Reiðhjólahlutar. Rítvjarlar og fjölrítar. Reikningsvjarlar og talningarvjarlar. Skotfari. Skrufur. Sporvagnar. Stoppefni í húsgögn. Straujárn. Terpentína. Trjelím. Varahlutar til viðgerðar á vjelum og áhöldum. Vatnshonar. Þurkefni. Þvottaefni. Þurkaðir ávextir.

Frá 1. mars 1926 skulu reikningar þeir, sem til þess tíma hafa verið stimplaðir með 30%, stimplast með 20%, þeir, sem stimplaðir hafa verið með 20%, stimplast frá sama tíma með 15%, og þeir, sem stimplaðir hafa verið með 10%, með 5%.

### 2. gr.

Aftan við 3. málsgr. 1. greinar kemur: Asbestþráður. Áttavitar. Baðmullartvinni. Bládgull til gyllingar. Boltar og rær. Efni til bókbands. Fiðlur. Flygel, til afnota í opinberum samkomusal. Harmonía. Hnoð. Hvítmálmur. Keðjulásar. Kirkjuorgel. Kondensatorþráður. Koparrör. Látún. Ljósker. Piano. Sink. Skriðmælar. Skrifbækur og kensluáhöld. Tvinni. Vefjarskeiðar. Veggalmánök með spjöldum. Vitatæki og ljósmerkjataeki og efni til þeirra. Vjelaþjettningar. Vjelavaselín. Vörpukeðjur.

### 3. gr.

Við síðustu málsgr. 1. greinar bætist: svo og allar vjarlar til iðnaðar og framleiðslu.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1925 og gilda til ársloka 1926.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalúborg, 27. maí 1925.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Jón Þorláksson.*